

## 31. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Arnarstapahöfn nr. 183 15. september 1943.

*Samgönguráðuneytið, 25. júní 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á uppdrætti af deiliskipulagi af Hvammahverfi í Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. júlí 1979 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi af Hvammahverfi í Hafnarfirði með fyrirvara um nánari útfærslu á fjölbýlishúsasvæðinu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir.

*Félagsmálaráðuneytið 16. júlí 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 219/1976 um gatnagerðargjöld fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.**

## 1. gr.

3. mgr. 14. gr. orðist þannig:

80% gatnagerðargjaldsins skal greiða með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum og skulu eftirstöðvar bera vexti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar við hverja álagningu.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. júlí 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*